

## GJALDSKRÁ

### fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Hörgársveit.

#### 1. gr.

Sveitarstjórn Hörgársveitar hefur ákveðið, sbr. heimild í samþykkt um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000, að leggja á sorpgjald í sveitarfélaginu samkvæmt gjaldskrá þessari. Gjaldið skal innheimt með fasteignagjöldum.

#### 2. gr.

Sorpgjald heimila er kr. 68.800. Sorpgjald fristundahúsa er kr. 21.500, miðað við að þjónusta er ekki veitt að vetri til (1. október – 30. apríl). Sorpgjald búrekstrar er 140 kr. fyrir hverja sauðkind, 540 kr. fyrir hvert hross, 740 kr. fyrir hvert svin og 750 kr. fyrir hvern nautgrip.

#### 3. gr.

Gjaldskrá þessi sem var samþykkt í sveitarstjórn Hörgársveitar 23. nóvember 2023 er sett samkvæmt ákvæðum 59. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998. Gjaldskráin tekur þegar gildi og fellur á sama tíma úr gildi gjaldskrá nr. 1544/2022 fyrir sorphirðu og förgun úrgangs í Hörgársveit.

Samkvæmt 8. gr. samþykktar um sorphirðu sveitarfélaga á Norðurlandi eystra nr. 541/2000 hefur Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra veitt umsögn um ofangreinda gjaldskrá þann 19. desember 2023.

*Hörgársveit, 19. desember 2023.*

**Snorri Finnlaugsson** sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfudagur: 4. janúar 2024